

Fundargerð 88. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 15. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Til umræðu voru næstu skref varðandi fyrirhugaða hækkun veiðigjalda. Ráðgjafar KPMG fóru yfir stöðuna á greiningavinnu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hefur áhyggjur af áhrifum boðaðs frumvarps um hækkun veiðigjalda á sveitarfélög í landinu. Ráðherra hefur ekki lagt nein gögn fram er sýna fram á bein og óbein áhrif þess á samfélagið og því hefur stjórn samtakanna fengið KPMG til áframhaldandi vinnu við að greina áhrif hækkunar veiðigjalda á sveitarfélög og einstaka byggðakjarna. Stjórn samtakanna hvetur ráðherra til að leggja fram þær greiningar er frumvarpið byggir á.

Gestir undir þessum lið voru Róbert Ragnarsson og Sýlvía Rut Vilhjálmsdóttir frá KPMG.

2. Landsréttur - aflagjald á eldisfisk - 2503004SU

Umræðu framhaldið frá seinasta fundi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga telur nauðsynlegt að farið verði í endurskoðun á hafnalögum með það í huga að hagsmunir sjókvíaeldissveitarfélaga séu tryggðir. Breytingin á 17. gr. hafnalaga þar sem ákvæði um heimild til innheimtu eldisgjalds var bætt inn, dugar ekki ein og sér til að tryggja tekjur til að standa undir uppbyggingu og rekstri hafna í tengslum við greinina. Skoða þarf gjaldtökuna með tilliti til breyttrar notkunar hafna. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur innviðaráðherra til að hefja nú þegar endurskoðun á hafnalögum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Hafnasamband Íslands.

3. Önnur mál til umræðu - 2409001SU

Formanni, varaformanni og starfsmanni samtakanna falið að skipuleggja fræðsluferð til Noregs.

Fundi var slitið kl. 9:10